

**Ed.**  
um geyslufé.

**404. Frumvarp til laga**

[142. mál]

(Eftir 2. umr. í Ed., 27. febr.)

Samhljóða þskj. 302 með þessari breytingu:

5. gr. hljóðar svo:

Réttur kröfueiganda til geyslufjár fyrnist á 20 árum frá innborgunardegi að telja. Áður en fyrningartími er liðinn, skal innlánsstofnun sú, sem varðveitir geysluféð, tilkynna kröfueiganda og greiðanda um geysluféð, sé þess kostur.

Greiðandi getur krafist endurgreiðslu geyslufjár í eitt ár eftir að liðinn er sá tími, sem um ræðir í 1. mgr.

Þegar frestir skv. 1. og 2. mgr. þessarar greinar eru liðnir, án greiðslu geyslufjárins til aðila, rennur það til ríkissjóðs.